

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatangerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

Þórhildur Líndal.

## AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr.  
laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 215 300,00.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 15 500,00.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1985 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Húnbogi Þorsteinsson.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 160/1982 fyrir heilsugæslustöðvar.**

1. gr.

53. gr. 4. tl. orðist svo:

53.4. Heilsugæslustöðvar annast tannvernd í skólum með eftirfarandi hætti:

1. Fyrirbyggjandi aðgerðum t. d. fluorskolun eða fluorburstun og kennslu tannhirðu.
2. Sýningu fræðslumynda með skýringum.
3. Afhendingu og útskýringu fræðslubæklinga.
4. Tannskoðun minnst einu sinni á ári framkvæmdri af tannlækni.
5. Tannviðgerðum.

Þjónustan skal veitt af tannlæknum og aðstoðarfólki þeirra þar sem því verður við komið. Einnig af læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heildbrigðisstarfsmönnum eftir því sem hentar á hverjum stað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. október 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Páll Sigurðsson.